

Ársskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir árið 2012

Nemendur

Fjöldi dagskólanemenda var í byrjun vorannar kringum 1150 og 1200 í byrjun haustannar. Fjölmennasta brautin er náttúrufræðibraut þar sem tæplega 40% stunda nám. Skráðir nemendur öldungadeildar voru 236 á vorönn og 202 á haustönn, nánast allir á félagsfræðabraut. Alls voru brautskráðir 265 stúdentar á árinu, 187 í maí og 78 í desember. Nánari upplýsingar munu koma fram í sjálfsmatsskýrslu svo sem venja hefur verið.

Ný námskrá

Fengið var leyfi ráðuneytisins til þess að tilraunakeyra nýjar námsbrautir til stúdentsprófs og voru nýnemar á haustönn innritaðir á nýju brautirnar. Um er að ræða endurskilgreinda félagsfræðabraut, málabraut og náttúrufræðibraut og ennfremur er tekin upp svokölluð opin braut þar sem nemandinn getur valið sér 3 – 4 áherslugreinar óháð hefðbundnum brautafyrirmyndum. Áfram er byggt á 140 einingum sem lágmarki brautanna fjögurra og er skiptingin þannig að svokallaður grunnur er 80 einingar, kjörgreinar 45 ein. og frjálst val 15 ein. Samkvæmt þessari framsetningu eru það kjörgreinarnar sem einkenna einstakar námsbrautir/námsleiðir. Jafnframt var unnið að endurskilgreiningu byrjunaráfanga og nýjum áfangalýsingum með hliðsjón af þrepamarkmiðum, grunnþáttum og lykilhæfni. Þá fór og fram töluverð vinna við innsetningu upplýsinga í námskrárgrunn ráðuneytisins.

Þróunarverkefni.

Samhliða tilraunaleyfi fyrir nýjar námsbrautir veitti ráðuneytið 6 millj. kr. styrk til verkefnisins skólaárið 2012 – 2013 til þess nánar tiltekið að:

- færa MH að því skipulagi og og áherslum um grunnþætti og lykilhæfni sem kveðið er á um í aðalnámskrá framhaldsskóla 2011,
- aðlaga allar námsbrautir og námsáfanga skólans að ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla 2011,
- setja allar brautalýsingar og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins,
- allir nýnemar haustið 2012 hefji nám á nýjum námsbrautum.

Þá fékkst 600 þús. kr. styrkur úr Sprotasjóði til þess að vinna að útfærslu sjálfstæðs lokaverkefnis sem tillaga hefur komið fram um að verði í grunni nýju námsbrautanna. Höfuðmarkmið slíks verkefnis er að búa nemandann betur undir fræðileg vinnubrögð með því að glíma sem sjálfstæðast við stærra verkefni en þau sem lögð eru fyrir í hefðbundnum áföngum. Ráðgert er að nemandinn fái verulegt sjálfðæmi um val á viðfangsefni og að efnistösk endurspegli hæfni á 3. þrepi. Á haustönn vann starfshópur að því að útfæra ramma um slíkt verkefni og undirbúa það sem val fyrir eldri nemendur á vorönn 2013.

Listdans

Endurnýjaðir voru þjónustusamningar við listdansskólana þrjá sem skólinn hefur átt samvinnu við; Klassíska listdansskólann, Danslistarskóla JSB og Dansmennt ehf. Einingarverð er háð ákvörðun ráðuneytisins og tekur árlegum breytingum í samræmi við uppfærslu fjárlaga á launa- og rekstrarliðum framhaldsskóla almennt. Samið var um óbreytt umfang þ.e. 17 ársnemendur við tvo fyrst töldu skólana og

45 ársnemendur við Dansmennt ehf. Framundan er það samvinnuverkefni að endurskoða námskrár skólanna með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla.

Málstofur

Meðal efna sem tekin voru fyrir í málstofum ársins voru: Umsjónarkerfið og stuðningur við nemendur, samvinna milli kennara, MH og nýja námskráin, efling starfsanda og námsanda, tilraunir í kennslu – hvað virkar og hvað ekki, jafningjaheimsóknir og innra starf.

Samstarfsskólar

Sem fyrr er nefnt á skólinn viðvarandi samvinnu við Dansmennt ehf., Danslistarskóla JSB og Klassíska listdansskólann vegna listdansnáms á framhaldsskólastigi. Í samvinnu við Gl. Hellerup Gymnasium, sem er menntaskóli á Kaupmannahafnarvæðinu, var sótt um Nord Plus styrk til verkefnisins „Islands hovedstad, København.“ Það felur m.a í sér gagnkvæmar heimsóknir nemendahópa á skólaárinu (vorönn 2013) og er styrknum ætlað að mæta kostnaði við þær. Myndaðir voru valáfangar í dönsku utan um verkefnið en forkröfur til nemenda voru að hafa lokið öllum kjarnaáföngum málabrautar í dönsku. Þá hélt áfram áralangt samstarf og nemendaskipti sænskunema við Agnebergsgymnasiet Uddevalla í Svíþjóð en það verkefni nýtur styrks frá sænska sendiráðinu. Skólinn er í samvinnu við nokkra grunnskóla (Hlíðaskóla, Austurbæjarskóla, Hagaskóla og Ingunnarskóla) um að nemendur þeirra taki byrjunaráfanga í MH sem valgrein í 10. bekk, einkum í stærðfræði og ensku. Grunnskólarnir sjá alfarið um kennsluna og nemendurnir taka próf í viðkomandi áfanga MH á prófatíma í maí.


Námseiningar/brottfall

Á vorönn 2012 voru dagskólanemendur skráðir í samtals 20419 einingar, þar af komu 19422 ein. til prófs/lokamats sem er 95,12%. Samsvarandi tölur haustannar voru 21968 og 20681, þ.e. 94,14% sem skila sér. Í öldungadeildinni er samsvarandi hlutfall 71 – 72% og hefur það smám saman hækkað undanfarin ár. Fjöldi ársnemenda reiknaðist 1196 en fjárlög gerðu ráð fyrir 1240.

Fjármál

Heildarútgjöld skólans 2012 voru 973,6 millj. kr. sem var 25,2 millj. kr. umfram tekjur. Tekið skal fram að vegna þess sem vantaði upp á ársnemendafjölda miðað við það sem fjárlög gerðu ráð fyrir voru í lokauppgjöri ársins dregnar 6,1 millj. kr. frá fjárframlagi skv. fjárlögum. Gekk á uppsafnaðan rekstrarafgang frá fyrri árum sem nam fyrrnefndum mismun 25,2 millj. kr. og í árslok 2012 var afgangurinn 20,4 millj. kr. Í áætlun fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir rekstrarhalla upp á 16 milljónir. Nokkur óvissa verður því að teljast um reksturinn til framtíðar að óbreyttum forsendum, ekki síst í ljósi þess að á árunum frá efnahagshruni hefur safnast upp þörf á endurnýjun margvíslegs búnaðar þ.e. tækja og húsgagna.

MH, 12. júní 2013


Lárus H. Bjarnason

„Prófill“

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: MH er skóli með um 1400 nemendum og liðlega 120 starfsmönnum í 10.000 fermetra húsnæði. Ársnemendur skv. fjárlagafrumvarpi 2012 eru 1240.

Námsframboð: Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. Aðalnámskrá 1999: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðabraut og listdansbraut til stúdentsprófs. Samkvæmt sérstakri námskrá International Baccalaureate Organisation og heimild menntamálaráðherra frá 1997: IB-námsbraut, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Þá er starfsbraut /sérnámsbraut við skólann með vísan framhaldsskólalaga og laga um málefni fatlaðra. Ennfremur eru starfræktar ný félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut og opin braut skv. sérstöku tilraunaleyfi mennta- og menningarmálaráðherra frá 2012.

Framkvæmd markmiða: Með samþykkt umsóknar um nýjar námsbrautir náðist mikilvægur áfangi markmiðsins um sveigjanlegra stúdentspróf og innleiðingu aðalnámskrár 2011. Með hækkun gjalda í öldungadeild náðist að styrkja stöðu deildarinnar og það ásamt öðrum aðhaldsaðgerðum hefur orðið til þess að ráðuneytið hefur aflétt fyrri takmörkun á greiddum ársnemendum deildarinnar. Framtíðarrekstur er þó áfram í nokkurri óvissu. Námskrár og gæðamál listdansskóla voru í nokkurri biðstöðu en gengið hefur verið frá formlegum samstarfssamningum til næstu tveggja ára. Markmiði um grænfána var slegið á frest. Markmið um 95% nýtingarhlutfall (tengist brottfalli) náðist aðeins fyrir aðra önnina. Markmið um að ekki yrði gengið meira á uppsafnaðan rekstrarafgang en svo að hann næði a.m.k. 2% í ársbyrjun 2013 náðist (naumlega).

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Í sjálfsmatsskýrslu 2011 var sett fram umbótaáætlun í nokkrum liðum fyrir árið 2012 og var henni fylgt eftir fðngum. Þau markmið hennar sem ekki náðust eða aðeins að hluta varða grænfánann, námskrá listdans og nýtingarhlutfall (brottfall).

Úttektir: Engin úttekt var gerð á árinu.

Afkoma, rekstrarstaða: Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 25,2 millj. kr. Heildarútgjöld voru 973,6 millj. kr. Uppsafnaður rekstrarafgangur í árslok 2012 nam 20,4 millj. kr.

Brottfall: Mismunur á skráðum heildareiningafjölda nemenda í annarbyrjun og þeim einingafjölda sem lokið er var í dagskóla tæplega 5,4% í heildina á vor- og haustönn. Í öldungadeild 28,5%.

Stjórnun: Auk skólameistara Lárusar H. Bjarnasonar er aðstoðarskólameistari Sigurborg Matthíasdóttir, áfangastjóri Guðlaugur Pálmi Magnússon, fjármálastjóri Sólrún Jóna Böðvarsdóttir, 8 deildarstjórar (sem jafnframt eru kennarar) þar af 6 fagdeildarstjórar, öldungadeildarstjóri og deildarstjóri IB náms.

Samvinna við aðra:

Samstarfsskólar varðandi listdans eru Dansmennt ehf., Danslistarskóli JSB og Klassíski listdansskólinn, varðandi sænskukennslu Agnebergsgymnasiet Uddevalla í Svíþjóð, varðandi framhaldsskólaáfangna grunnskólanema Hlíðaskóli, Austurbæjarskóli, Hagaskóli og Ingunnarskóli. Tímabundið samstarf er við Gl. Hellerup Gymnasium í Danmörku um verkefnið „Islands hovedstad, København.“

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Undirbúningur fyrir háskólanám, ríkulegt val nemenda, umsjón með norsku- og sænskukennslu á framhaldsskólastigi, alþjóðleg námsbraut, kjarnaskóli í listdansi, Hamrahlíðarkórinn.